



# Bæjarstjórnarfundur nr. 1324

## Síðari umræða um fjárhagsáætlun 2021

15. desember 2020





# Meginatriði í fjárhagsáætlun 2021

- **Ljóst að áhrif Covid-19 ásamt kjarasamningum eru umtalsverð á rekstur Akraneskaupstaðar og dregur úr tekjum Akraneskaupstaðar en á sama tíma er aukið álag á barnavernd og félagsþjónustu.**
- **Sóknarfæri Akraneskaupstaðar og áskoranir á árinu 2021 eru:**
  - Hrinda í gang aðgerðum til lækkunar launakostnaðar og almenns rekstarkostnaðar sem viðbragð við samdrátt í tekjum.
  - Nýta tækifæri til þess að auka framleiðni starfsmanna með sjálfvirknivæðingu í stafrænni þjónustu og skýrri forgangsröðun verkefna.
  - Styðja við tækifæri til fjölgunar íbúa með nýframkvæmdum í gatnagerð.
  - Byggja upp mikilvæga innviði s.s. íþróttahús á Jaðarsbökkum, nýr leikskóli í Skógarhverfi, ný þjónustumiðstöð aldraðra og ný Fjöliðja.
  - Fjölga búsetuúrræðum fatlaðra í samstarfi við Hússjóð Brynju og önnur félagasamtök, öruggt húsnæði fyrir aldraða í samvinnu við Leigufélag aldraðra og Leigufélaginu Bríet og stuðla að húsnæðisuppbyggingu sem styður við atvinnu verktaka á Akranesi.
  - Áframhaldandi efling atvinnuþróunar í samstarfi við þróunarfélögin á Breið og á Grundartanga.
  - Innleiðing samþættingar í þágu farsældar barna (snemmtæk íhlutun) og barnvæns samfélags. Auka samvinnu og samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur í samvinnu velferðar-, skóla- og frístundar og annarra sem koma að hagsmunum barna í samræmi við fyrirhugaða löggjöf.
  - Vinna að mótun og framkvæmd menntastefnu, umhverfisstefnu og jafnréttisstefnu.





Helstu tölur  
fjárhagsáætlunar

---



# Helstu forsendur í áætlun ársins

- **Álagt útsvar verður óbreytt eða 14,52% vegna launa ársins 2021.**

- **Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi**

Álagningarprósenta íbúðarhúsnæðis verður 0,2514% 0,361

Álagningarprósenta atvinnuhúsnæðis verður 1,400%

Álagningarprósenta opinberra stofnana verður 1,320%

- **Sorpgjöld fyrir hverja íbúð m.v. tvær sorptunnur:**

Sorphreinsunargjald verður kr. 19.256

Sorpeyðingargjald verður kr. 16.422

- **Lóðaleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum**

Verður 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða

Verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða


- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2021 eru fimmtánda hvers mánaðar frá janúar til október. Áfram er veitt ívilnun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþegar í samræmi við reglur bæjarstjórnar Akraness.





# Helstu forsendur í áætlun ársins frh.



- Almennar þjónustugjaldskrár hækka samkvæmt lífskjarasamningi um 2,5% þann 1. janúar 2021, nema að sérstök ákvörðun sé tekin um einstaka gjaldskrár.
- Eftirtaldar gjaldskrár taka breytingu samkvæmt sérstakri ákvörðun:
  - *Gjaldskrá leikskóla*
  - *Gjaldskrá vegna skólamáltíða*
  - *Gjaldskrá frístundar*
  - *Gjaldskrá Tónlistarskóla Akraness*
  - *Gjaldskrá íþróttamannvirkja*





# Samstæðureikningur 2012-2024

Útkomuspá 2019 og áætlun 2021-2024 í milljónum króna






# Samstæða

## Fjármálabrú raun 2019 til útkomuspár 2020

Rekstrarniðurstaða samstæðu Akraneskaupstaðar frá rauntölum 2019 til útkomuspár 2020






# Samstæðureikningur

## Samanburður á áætlun og spá 2020

### Útkomuspá vs áætlun með viðaukum 2020

- Rekstrartekjum er spáð að verði kr. 7.752 m.kr. árið 2020 eða um 209 mkr lægri en áætlun þar af:
  - Útsvar -15 mkr
  - Fasteignaskattar -2 mkr
  - Lóðaleiga á áætlun
  - Jöfnunarsjóður 7 mkr (yfir áætlun)
  - Aðrar tekjur -199 mkr
- Rekstrargjöld á sama tímabili, að meðtöldum afskriftum, er spáð að verði kr. 8.333 m.kr. eða 10 mkr hærri en áætlun þar af:
  - Launa og tengd gjöld 65 mkr (yfir áætlun)
  - Annar rekstrarkostnaður -60 mkr
  - Afskriftir -14 mkr
- Fjármagnsliðir er spáð að verði jákvæðir um 315 mkr eða 107 mkr hærri en áætlun
- Rekstartap, fyrir óreglulega liði er spáð að verði 266 mkr eða 93 mkr meira tap en áætlun
- Búist er við óreglulegum liðum í útkomuspá fyrir árið að fjárhæð 230 mkr vegna tekna af gatnagerð eða 15 mkr hærri en áætlun
- Rekstartap er spáð að verði -35 mkr eða 78 mkr neikvæðari niðurstaða en áætlun

### Rekstrarreikningur spá 2020 og áætlun 2020








# Samstæða

## Fjármálabrú áætlun 2020 til útkomuspár 2020






# Samstæðureikningur

## Samanburður á upphaflegri áætlun, næmnisgreiningu og útkomuspá fyrir 2020

- Þegar sú fordæmalausa staða kom upp með Covid-19 var unnin næmnisgreining á áhrifum á rekstur Akraneskaupstaðar og lögð fram í bæjarráði 7. maí
  - Næmnisgreiningin gerði ráð fyrir að tap ársins 2020 gæti orðið 240 mkr. í stað áætlunar um 310 mkr hagnað
  - Útkomuspá gerir ráð fyrir 36 mkr tapi sem er nálægt bjartsýnni spá um 14 mkr. tap í næmnisgreiningu.
  - Útkomuspá gerir ráð fyrir um 266 mkr. tapi fyrir óreglulega liði sem er nálægt svartsýnni spá um 240 mkr. tap í næmnisgreiningu.
  - Mismunur þarna á milli liggur að stórum hluta í óreglulegum tekjum vegna gatnagerðargjalda.
- Helsti munur á milli svartsýnnar spár í næmnisgreiningu og útkomuspár
  - Rekstrartekjum er spáð að verði kr. 7.752 m.kr. árið 2020 eða um 41 mkr lægri en næmnisgreining spáði þar af:
    - Útsvar -101 mkr
    - Fasteignaskattar -2 mkr
    - Lóðaleiga á áætlun
    - Jöfnunarsjóður 123 mkr (yfir spá)
    - Aðrar tekjur -60 mkr
  - Rekstrargjöld að meðtöldum afskriftum, er spáð að verði kr. 8.333 m.kr. eða 131 mkr hærra en áætlun þar af:
    - Laun og tengd gjöld 297 mkr (yfir spá næmnisgreiningar)
    - Annar rekstrarkostnaður -146 mkr
    - Afskriftir -20 mkr

Upphafleg áætlun ársins 2020 ásamt næmnisgreiningu og útkomuspá fyrir árið 2020





# Áhrif Covid-19 á fjárhag Akraneskaupstaðar

A - hluti	
<b>Samþykkt í bæjarráði</b>	<b>Fjárhæð</b>
Aukið fjármagn í sjóð tómtunda og íþróttafélaga	4.500.000
Auka framlag til íþróttafélaga	10.000.000
Heilsuefling íbúa	15.000.000
Viðbót í viðburðarhalds í menningarmálum	3.000.000
Viðbót í styrktarsjóð menningarmála	1.500.000
Fjármagn til sérstaks markaðsátaks	4.000.000
Innleiðing rafrænna þjónustu og frumkvöðlastarf	10.000.000
Aukið viðhald stofnanna	54.000.000
Atvinnuátaksverkefni - sumarstörf	25.000.000
Viðbót í gjaldfærðar framkvæmdir	100.781.000
<b>Samtals aukning samþykkt í bæjarráði</b>	<b>227.781.000</b>
<b>Umframkostnaður á stofnunum</b>	<b>Fjárhæð</b>
Hreinlætisvörur	7.000.000
Fjárhagsaðstoð	8.000.000
<b>Samtals umframkostnaður á stofnunum</b>	<b>15.000.000</b>
<b>Tekjubreytingar</b>	<b>Fjárhæð</b>
Áætluð lækkun á útsvarstekjum	198.500.000
Áætluð lækkun á leikskólagjöldum	16.000.000
Áætluð lækkun á fæðisgjöldum	21.600.000
Áætluð lækkun á frístundagjöldum	8.500.000
Áætluð lækkun á tekjum íþróttamannvirkja	7.500.000
Niðurfelld húsaleiga Kirkjuhvoli	850.000
<b>Samtals lækkun á tekjum</b>	<b>252.950.000</b>
<b>Samtals áhrif á A - hluta</b>	<b>495.731.000</b>

B - hluti	
<b>Höfði mars - ágúst 2020</b>	<b>Fjárhæð</b>
Aukin kostnaður	5.200.000
Tekjutap vegna vannýtingar	5.150.000
<b>Samtals Höfði</b>	<b>10.350.000</b>
<b>Samtals áhrif á B - hluta</b>	<b>10.350.000</b>
<b>Samtals áhrif á samstæðu</b>	<b>506.081.000</b>

Fjárfestingar	
Viðbót í fjárfestingar	200.301.000
<b>Samtals fjárfestingar</b>	<b>200.301.000</b>
<b>Áhrif covid til lækkunar á handbæru fé</b>	<b>706.382.000</b>

## 14 AÐGERÐIR

### 3.380 M.KR. HEILDARUMSVIF

AFLETTA ÖVISSUINNAN SAMFÉLAGSINS

VARNIR

1. Frestur verði á greiðslu fasteignagjalda íbúða- og atvinnuhúsnæðis
2. Frestur á innheimtu gatnagerðargjalda
3. Virkt samtal milli bæjarstjórnar, íbúa og fyrirtækja

VERNDA GRUNNSTODIR SAMFÉLAGSINS

VERND

4. Gjöld leikskóla-, grunnskóla og frístundar í Þorpinu verða lækkuð í samræmi við notkun á þjónustu
5. Gildistími þrek- og sundkorta framlengdur
6. Sveigjanleiki aukinn í innheimtu og gjaldfrestum
7. Efling velferðarþjónustu
8. Stuðningur til heilsueflingar og til íþróttastarfs menningar og lista

STUÐLAÐ FJÖLGUN ATVINNUTÆKIFÆRA

VIÐSPYRNA


9. Markaðsátak Akraness
10. Aukin fjárveiting til framkvæmda og til viðhaldsverkefna
11. Stórf tryggð með uppbyggingu húsnæðis til leigu fyrir aldraða, fatlaða og á almennum markaði
12. Fjölgun atvinnutækifæra
13. Nýsköpun og tækni í innleiðingu rafrænnar þjónustu
14. Þátttaka í markaðsátaki stjórnvalda og Íslandsstofu til „Eflingar ferðaþjónustunnar 2020“





# Samstæða (fyrri umræða 1. des. 2020)

## Fjármálabrú útkomuspá 2020 – áætlun 2021






# Samstæða

## Fjármálabró breytingar á áætlun 2021 milli fyrri og síðari umræðu

Rekstrarniðurstaða samstæðu - Breytingar milli fyrri og síðari umræðu






# Samstæða (síðari umræða 15. des. 2020)

## Fjármálabrú útkomuspá 2020 – áætlun 2021

Rekstraniðurstaða samstæðu frá útkomuspá 2020 til áætlunar 2021





Íbúapróun og  
helstu forsendur





# Samstæðureikningur

## Próun rekstrartekna

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 7.752 m.kr. í útkomuspá 2020 og lækki um 3,6% frá árinu 2019.
- Rekstrartekjur á árinu 2021 eru áætlaðar 8.075 m.kr. og hækka því um 4,2 % frá árinu 2020.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 3,6 % á tímabilinu 2020 til 2024 og endi í 9.555 m.kr. á árinu 2024.

## Próun rekstrartekna








# Samstæðureikningur

## Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útgönguspá 2020 nema 8.333 m.kr. og hækka því um 698 m.kr. frá árinu 2019 eða um 9,1%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2021 munu nema 8.347 m.kr. en það er hækkun frá útkomuspá 2020 sem nemur um 13,7 m.kr. eða um 0,2%.
- Launagjöld eru áætluð að hækki um 243 m.kr. en á móti er gert ráð fyrir því að annar rekstrarkostnaður lækki um 214 m.kr.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2021 nemur 400 m.kr. en það er 12% lækkun frá útkomuspá 2020 (55 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2021 til 2024 er á bilinu 0,2% til 4,8% en að meðaltali 3,3% á tímabilinu.

Þróun rekstrarkostnaðar





# Samstæðureikningur




Akraneskaupstaður

## Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2020, skv. útkomuspá, er neikvæð sem nemur 35,5 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2021 er áætluð jákvæð um 113,9 m.kr. eða 1,4% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því hækka um 149 m.kr. milli áranna 2020 og 2021.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni fara hækkandi á árunum 2022-2024 og enda í jákvæðri rekstrarafkomu árið 2024 að fjárhæð 175,1 millj. kr.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2021-2024) er jákvæð sem nemur 592 m.kr.

## Þróun rekstrarafkomu






# Samstæðureikningur

## Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2021 er áætlað 860 m.kr. og hækkar því um 112 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2021 eru áætlaðar 1.827 m.kr. og eru því að aukast um 1.040 m.kr. frá útkomuspá 2020 og þar vegur þyngst frekari fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum um 768 m.kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins 2021 eru áætlaðar 433 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -216 m.kr., innborgun á lífeyrisskuldbindingu -179 m.kr. en ný lán að fjárhæð 860 m.kr. á móti.
- Handbært fé í árslok 2021 er áætlað 937 m.kr. og lækkar því um -534 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki um 239,3 m.kr. á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2020 til ársloka 2024.

## Próun sjóðstreymis







# Samstæðureikningur

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar síðustu þriggja ára, þ.e. samanlögð rekstrarafkoma á þriggja ára tímabili, verður að vera jákvæð skv. fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga og hefur sú verið raunin hjá Akraneskaupstað.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður ársins 2021 muni nema 734 m.kr.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hafa farið lækkandi síðustu ár en fer hækkandi aftur og verða 43,3% í árslok 2021.
- Hámark skuldaviðmiðs sveitarfélaga er 150% en skv. fjárhagsáætlun verður skuldaviðmiðið komið í 46% í árslok 2024.

2015 - 2024






# Samstæðureikningur

## Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 1,6 skv. útkomuspá ársins 2020. Það er undir meðaltali veltufjárhlutfalls árána 2014 til 2019 sem nemur 1,8.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.






# A- hluti

## Þróun launakostnaðar

- Launagjöld hafa hækkað um 73,7% frá árunum 2014 til útkomuspár ársins 2020, en þau hækka úr 2.626 m.kr. í 4.562 m.kr. Lífeyrisskuldbinding hækkaði um 50,1% á sama tíma, en hún hækkar úr 302 m.kr. í 453 m.kr.
- Launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum hækkaði milli talsvert 2014 og 2016 og má það rekja til uppgjörs lífeyrisskuldbindinga á árinu 2016. Á árinu 2017 lækkar hlutfallið niður í 62,2% en hækkar talsvert milli 2019 og útkomuspár ársins 2020. Skýringin á því eru nýir kjarasamningar sem koma inn á árinu 2020.
- Meðaltal hlutfalls launagjalda af rekstrartekjum á árunum 2014-2019 er 63,76% og hlutfall þetta á árunum 2020-2024 er umfram meðaltal árunna á undan.
- Á spátímabilinu 2021-2024 er gert ráð fyrir því að launagjöld hækki um 14 % og launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum endi í 68,69% á árinu 2024.

Þróun launakostnaðar 2014-2024






# Aðalsjóður

## Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er neikvæður um samtals -1.865 m.kr. á tímabilinu 2020 (útkomuspá) til ársloka 2024.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 2.612 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er jákvæð sem nemur 747 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2021 nemur 78,9 m.kr. og nemur 1,1% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2020-2024






# A - hluti

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.

- Á árunum 2014-2019 var samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum samtals fjárhæð 2.478 m.kr.
- Útkomuspá 2020 gerir ráð fyrir að heildar fjárfesting A-hluta verði 955 m.kr.
- Á spátímabilinu 2021-2024 er áætlað að samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verði samtals fjárhæð 4.063 m.kr.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 2014-2024







## Fjárfesting 2021-2024

Fjárhæð í þús.kr.	2021	2022	2023	2024
<b>Götur og gangstéttar</b>	<b>321.900</b>	<b>413.500</b>	<b>325.900</b>	<b>257.900</b>
<i>Gatnagerð nýframkvæmd</i>	236.000	327.600	240.000	172.000
<i>Endurgerð eldri gatna</i>	34.650	34.650	34.650	34.650
<i>Gangstígar, stofnstígar, reiðvegir</i>	51.250	51.250	51.250	51.250
<b>Velferðarmál</b>	<b>445.253</b>	<b>208.750</b>	<b>48.600</b>	<b>-</b>
<i>Fjöliðjan</i>	131.653	208.750	-	-
<i>Þjónustumiðstöð Dalbraut</i>	200.000	-	-	-
<i>Stofnframlög í Brynju hússjóð</i>	65.000	-	-	-
<i>HMS verkefni, framlag</i>	48.600	-	48.600	-
<b>Skóla og frístundamál</b>	<b>1.141.561</b>	<b>981.641</b>	<b>714.919</b>	<b>37.500</b>
<i>Jaðarsbakkar</i>	408.710	677.419	677.419	-
<i>Leikskóli</i>	622.351	266.722	-	-
<i>Þekjan</i>	40.000	-	-	-
<i>Brekkubæjarskóli</i>	25.500	-	-	-
<i>Skólalóðir</i>	45.000	37.500	37.500	37.500
Gatnagerðartekjur og smærri fjárfestingar -	55.000	- 169.400	- 229.000	- 194.000
<b>Samtals fjárfesting</b>	<b>1.853.714</b>	<b>1.434.491</b>	<b>860.419</b>	<b>101.400</b>






Áherslur einstakra  
málaflokka árið  
2020

---



# Atvinnu- og ferðamál

- Markaðssetning á atvinnulóðum í gegnum [www.300akranes.is](http://www.300akranes.is)
- Breið þróunarfélag:
  - Mikill kraftur í rannsóknar- og nýsköpunarsetri og ásókn í samvinnurými á Bárugötu 8-10.
  - Þróunarstarf í fullum gangi og fyrirhugað að hefja vinnu við deiliskipulag.
  - Áhersla á uppbyggingu í takt við stefnu:
    - Hátækni og frumkvöðlastarfsemi
    - Heilsutengda ferðaþjónusta með áherslu á sjóinn, náttúran, landslagið og heilsusamlegt fæði.
    - Heilsa og heilbrigðismál.
    - Hafsækna starfsemi
  - Markmið að koma spennandi starfsemi í Hafbjargarhúsið og tankinn.
- Þróunarfélagið á Grundartanga:
  - Markvisst unnið að undirbúningi á hitaveitu á Grundatangasvæðinu.
  - Verkefni þar sem varmi verður nýttur til framleiðslu lífræns hráefnis og eldsneytis, framleiðslu rafmagns í fullum gangi.
  - Tækifæri til mögulegrar þörungaræktar, fiskeldis, ylræktar til framtíðar.
  - Carbfix lausn OR nýtt til föngunar koltvísíringar til niðurdælingar eða eldsneytisframleiðslu.





# Atvinnu- og ferðamál

- Unnið að fjölgun gesta/ferðamanna til Akranes með sérstökum pakkaferðum í vita, safn og Guðlaugu ásamt samstarfi við fleiri fyrirtæki á Akranesi.
- Kynningarátak í kringum Guðlaugu en gjaldtaka hefst á nýju ári. Unnið er að því verkefni með áherslu á sjálfafgreiðslu gesta.
- Hugmyndasamkeppni um svæði Langasands á Akranesi, frá Jaðarsbraut að Leyni verður í byrjun árs, búið er að opna fyrir viðhorfskönnun íbúa sem verður opin til 6. janúar.
- Unnið verður nánar að hugmynd um rafræna leiðsögn um Breiðarsvæðið um sögu Breiðarinnar. Sótt verður á styrktarsjóði til þess að gera þá hugmynd að veruleika.
- Farið verður yfir merkingar á ferðasvæðum og aðrar þjónustumerkingar í sveitarfélaginu.
- Farið verður yfir upplýsingaskilti á Akranes, þau endurskoðuð og uppfærð.



# Skóla- og frístundamál


- Mótun menntastefnu fyrir Akraneskaupstað
- Heiltæk forysta skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs til að auka velferð og farsæld barna. Þróa vinnulag snemmtæks stuðnings með því að samþætta stoðþjónustu og samstarf þvert á stofnanir í mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfinu
- Samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs, innleiða verkefnið barnvænt sveitarfélag
- Þróun leikskólastarfs í kjölfar nýs kjarasamnings
- Hönnun nýs leikskóla
- Viðbragðsáætlun vegna fjölgunar barna í leik- og grunnskólum
- Rýning á aðstöðu frístundaheimila
- Styðja við þróun innra starf tónlistaskólans
- Stefnumótun í frístundaþjónustu fyrir börn með langtíma þjónustubörf
- Efling á rafrænni þjónustu
- Skýra og endurbæta verkferla innan sviðssins og milli sviða
- Vinna við endurskoðun á reiknilíkönnum til útteilingu fjármagns til stofnanna
- Fylgja eftir vinnu við innleiðingu á markmiðum Heilsueflandi samfélags
- Efla samstarf milli skólastiga
- Vinna með niðurstöður starfshóps um mótuneytismál





# Velferðar- og mannréttindamál

- Aðlaga þjónustu og starfsemi að því neyðarstigi Almannavarna sem gildir hverju sinni og tryggja sem best öryggi fólks sem er í viðkvæmri stöðu
- Heiltæk forysta skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs til að auka velferð og farsæld barna. Þróa vinnulag snemmtæks stuðnings með því að samþætta stoðþjónustu og samstarf þvert á stofnanir í mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfinu
- Aukinn stuðningur í barnavernd á árinu
- Samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs, innleiða verkefnið barnvænt sveitarfélag
- Vinna að áframhaldandi uppbyggingu í húsnæðismálum fatlaðs fólks með samstarfi við hagsmunafélög
- Þróunarverkefni í samstarfi við önnur sveitarfélög um „Heildræna þjónustu við fatlað fólk“
- Samstarfsverkefni um fræðslu til starfsmanna velferðar- og mannréttindasviðs í samstarfi við SSV (ýmis verkefni)
- Efla og auka teymisvinnu á sviðinu, milli sviða og við aðra samstarfsaðila (s.s. HVE, Vinnumálastofnun)
- Þróa aðgerðir og mótvægi til að takast á við afleiðingar heimsfaraldurs með auknu samstarfi við ólíka aðila
- Halda áfram og undirbúa frekari stefnumótun á velferðar- og mannréttindasviði
- Þróa áfram tímabundin úrræði í barnavernd og greina frekar þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra (skammtímadvöl)
- Uppbygging Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað
- Skipuleggja starfsemi í þjónustumiðstöð að Dalbraut 4 í samráði við hagsmunaaðila





# Stjórnarsýsla og fjármál


- Ársreikningur, fjárhagsáætlunarvinna og árshlutauppgjör.
- Aukin áhersla á greiningar og greinargóða upplýsingagjöf til forstöðumanna.
- Enduropnun á Opnu bókhaldi Akraneskaupstaðar eftir endurskoðun og nýtt verklag.
- Stjórnendamælaborð kynnt forstöðumönnum og tekið í gagnið.
- Bankaviðskipti Akraneskaupstaðar verða boðin út.
- Sameiginleg innkaup fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar.
- Ráðning mannauðsstjóra.
- Unnið við gerð starfsmats grunnskólakennara
- Innleiðing á nýju viðverukerfi starfsmanna – VinnuStund.
- Jafnlaunavottun og verklagsreglur kynntar starfsmönnum eftir innleiðingu.





# Þjónusta og stafræn þróun

- Akraneskaupstaður stefnir að innleiðingu íbúaapps í samstarfi við önnur sveitarfélög og ásamt innleiðingu lausna sem stafrænt ráð sveitarfélaga mun innleiða.
- Áfram unnið að rafvæðingu í þjónustu Akraneskaupstaðar m.a. fjölgun eyðublaða.
- Unnið að aðgerðum til þess að hraða og auka gæði í þjónustu Akraneskaupstaðar m.a. með bætту aðgengi og auknu upplýsingastreymi. Unnið verður að mælaborði og mælikvörðum til að meta árangur aðgerðanna.
- Unnið markvissara að bætingu og aukningu íbúasamráðs. Verður mögulega horft til þess að setja verklag eða stefnu í kringum slíkt samráð.
- Heimasíða Akraneskaupstaðar yfirfarin og endurbætt.
- Unnið áfram að þróun nýs lóðavefs [www.300akranes.is](http://www.300akranes.is).
- Rafvæðing þjónustuferla og stuðningur við stafræna vegferð sveitarfélaga.
- Áfram unnið að endurnýjun tölvubúnaðar í stofnun Akraneskaupstaðar.








# Menningar- og safnamál

- Efling safnfræðslu og fjölgun gesta á Byggðasafnsinu í Görðum í samvinnu við aðrar stofnanir.
- Áframhaldandi þróun á starfsemi framtíðar bókasafns
- Útiljósmyndasýningar
- Viðburðahald; 17. júní, Írskir dagar, Vökudagar o.fl.
- Framtíðar rekstur Héraðsskjalasafns
- Endurskoðun menningarstefnu





Akranes

# Bær í uppbyggingu

Í fjárfestinga og framkvæmdaráætlun er gert ráð fyrir 1854 mkr í fjárfestingar árið 2021

# Skipulags- og umhverfismál

## Helstu framkvæmdir

- Stærra viðhald gatna
- Gatnagerð, Skógarhverfi, áfangi 3A, Skógahverfi 4, bundið slitlag á Breiðargötu og hluta Höfðasels.
- Faxabraut, grjótvörn og stígur.
- Stofnstígur, byrjun á stíg upp í Flóahverfi.
- Sérstækar aðgerðir í umferðaröryggi.
- Byrjun á endurgerð á hluta grunnskólalóða.
- Fjölliðjan farið af stað í uppbyggingu á Dalbraut 10, verkefni klárast 2022.
- Leikskóli sex deilda, framkvæmdir hefjast og klárast 2022.
- Brekkubæjarskóli, klára innanhúsframkvæmd, þ.e. viðbót á kennslustofum.
- Þjónustumiðstöð aldraðra, innahúsfrágangur klárast 2021.
- Framkvæmdir við búningsklefa, geymslur og nýtt íþróttahús við Jaðarsbakka byrja.
- Uppbygging á Reiðhöll klárast 2021.



# Skipulagsverkefni

- **Skipulagsverkefni**
  - Klára endurskoðun aðalskipulags.
  - Skógahverfi 3C.
  - Skógahverfi 5.
  - Langisandur og nærumhverfi þ.m.t. Guðlaug.
  - Jaðarsbakkar.
  - Breyting eldri skipulaga m.a. við Ægisbraut og Vesturgötu.
  - Dalbrautareitur, v. Fjöliðjan og frekari stækkun v. íbúðabyggðar.
  - Þétting byggðar.
  - Breytt skipulagsmörk gagnvart Hvalfjarðarsveit.
  - Grenndarkynningar.



# Rekstarverkefni

- **Rekstrarverkefni**

- Útboð á Strætó.
- Endurnýjun gatnalýsingar, framkvæmdaplan.
- Brunavarnaráætlun og fyrirkomulag slökkviliðsmála.
- Grenndarstöð.
- Endurbætur á Gámastöð.
- Fyrirkomulag sorpmála m.a. í tengslum við lífrænt sorp.
- Fyrirkomulag vinnuskóla.
- Úthlutun lóða við Langasandsreit, Skógarhverfi og Dalbrautarreit

- **Annað**

- Uppkaupasjóður.
- Auglýsa upp byggingasvæði fyrir úthlutun.
- Hleðslustöðvar við stofnanir.
- Möguleg sala Landsbankahúss, Kirkjuhvols sala fasteigna sem nú eru nýtt í félagslegt húsnæði samhliða auknum úrræðum á því sviði





Sókn í uppbyggingu  
og áfram ábyrg  
fjármálastjórnun

---



# Takk fyrir





Helstu tölur  
fjárhagsáætlunar  
Ítarefni  
Uppfærðar glærur  
úr fyrri umræðu







# Samstæðureikningur

## Próun rekstrartekna

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 7.752 m.kr. í útkomuspá 2020 og lækki um 3,6% frá árinu 2019.
- Rekstrartekjur á árinu 2021 eru áætlaðar 8.075 m.kr. og hækka því um 4,2 % frá árinu 2020.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 3,6 % á tímabilinu 2020 til 2024 og endi í 9.555 m.kr. á árinu 2024.

## Próun rekstrartekna






# Samstæðureikningur

## Þróun rekstrartekna

- Útsvar, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, nam 53,7% á árinu 2019.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að útsvar, sem hlutfall af rekstrartekjum, aukist á tímabilinu í samræmi við hækkun launa og væntanlegu minna atvinnuleysi og muni nema 57,3 % á árinu 2024.
- Búist er við því að framlög Jöfnunarsjóðs lækki á spátímabilinu og því lækkar vægi þeirra á spátímabilinu og endi í um 13,5 % á árinu 2024.
- Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar hækki um 1% milli áranna 2020 og 2021. Gert er ráð fyrir því að hlutfall fasteignaskatta hækki á spátímabilinu 2022-2024 og endi í 6,8% á árinu 2024.
- Lóðarleiga er áætluð 0,6% í útkomuspá 2020 og er einnig áætluð 0,6% út spátímabilið.
- Aðrar tekjur, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, eru áætlaðar 20,8% í útkomuspá 2020 og verða að meðaltali 22,4% á spátímabilinu.

### Hlutfall rekstrartekna






# Samstæðureikningur

## Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útgönguspá 2020 nema 8.333 m.kr. og hækka því um 698 m.kr. frá árinu 2019 eða um 9,1%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2021 munu nema 8.347 m.kr. en það er hækkun frá útkomuspá 2020 sem nemur um 13,7 m.kr. eða um 0,2%.
- Launagjöld eru áætluð að hækki um 243 m.kr. en á móti er gert ráð fyrir því að annar rekstrarkostnaður lækki um 214 m.kr.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2021 nemur 400 m.kr. en það er 12% lækkun frá útkomuspá 2020 (55 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2021 til 2024 er á bilinu 0,2% til 4,8% en að meðaltali 3,3% á tímabilinu.

Þróun rekstrarkostnaðar







# Samstæðureikningur

## Rekstrargjöld

- Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir því að launagjöld verði áfram stærsti kostnaðarliðurinn og verði að meðaltali 68,6% á spátímabilinu.
- Launagjöld eru áætluð 68,2% í áætlun 2021 og eru því að hækka um 2,8% stig frá útkomuspá 2020.
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 214 m.kr. frá útkomuspá 2020 og lækkar því hlutfallslega um 9,7% milli ára.
- Lífeyrisskuldbindingin lækkar um 55 m.kr. milli ára þ.e. frá 2020 til 2021 og verður 4,8% af heildar- rekstrarkostnaði á árinu 2021.
- Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin verði 4,8 % og hækki frá rauntölum ársins 2019 þar sem hún nam 4,3% af heildarrekstrargjöldum. Fjárhagsáætlun tímabilsins gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin verði 3,2 % á árinu 2024.

Rekstrargjöld sem hlutfall af heildar rekstrarkostnaði





# Samstæðureikningur




Akraneskaupstaður

Þróun rekstrarafkomu

## Rekstrarniðurstaða

- Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 272,2 m.kr. á árinu 2021 og rekstrarafkoma (hagnaður) er áætlaður 113,9 m.kr.
- Gert er ráð fyrir því að heildarrekstrartekjur aukist um 1.480 m.kr. á spátímabilinu (2021-2024) en heildarrekstrargjöld munu aukast um 1.142 m.kr. á sama tímabili.
- Rekstrartekjur samtals munu því aukast um tæpar 339 m.kr. umfram rekstrargjöld á spátímabilinu.
- EBITDA ársins 2021 er áætluð neikvæð um 10,1 m.kr. og EBITDA framlegðin því -0,12 %.
- EBITDA ársins 2021 mun því hækka um 348 m.kr. frá árinu 2020.
- Gert er ráð fyrir því að EBITDA framlegðin verði á bilinu -0,12% til 4,43% á spátímabilinu og nemi 4,43% í árslok 2024.





# Samstæðureikningur




Akraneskaupstaður

## Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2020, skv. útkomuspá, er neikvæð sem nemur 35,5 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2021 er áætluð jákvæð um 113,9 m.kr. eða 1,4% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því hækka um 149 m.kr. milli áranna 2020 og 2021.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni fara hækkandi á árunum 2022-2024 og enda í jákvæðri rekstrarafkomu árið 2024 að fjárhæð 175,1 millj. kr.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2021-2024) er jákvæð sem nemur 592 m.kr.

## Þróun rekstrarafkomu






# Samstæðureikningur

## Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, nemur 113,9 m.kr. á árinu 2021.
- Þar af er rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og óreglulega liði neikvæð að fjárhæð um 272,3 m.kr. og við það bætist fjármagnstekjur, umfram fjármagnsgjöld, að fjárhæð 186,1 m.kr.
- Í óreglulegum liðum bætast við eignatekjur vegna þéttingu byggingareita að fjárhæð 200 m.kr.
- Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði, á árunum 2014 til 2019 er að meðaltali 403 m.kr.
- Á árinu 2019 nam rekstrarhagnaður, fyrir óreglulega liði, 621 m.kr. við þá fjárhæð bættust 34,4 m.kr. sem var tilkominn vegna lífeyrisskuldbindinga og eignatekna.
- Rekstrarniðurstaða á árinu 2017 var lituð af gjaldfærslu á uppgjöri á lífeyrisskuldbindingu (-476,5 m.kr.).
- Uppgjör ríkisins á lífeyrisskuldbindingu Höfða á árinu 2016 (897,8 m.kr.) hafði einnig talsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu samstæðunnar það ár.

## Þróun rekstrarafkomu 2014-2024






# Samstæðureikningur

## Efnahagsreikningur

- Heildareignir samstæðu í árslok 2020, skv. útkomuspá, munu nema 15.120 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 6.569 m.kr. og eigið fé er áætlað 8.551 m.kr.
- Eiginfjárlutfall er áætlað 57% í árslok 2020 og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir því að eiginfjárlutfall muni lækka á spátímabilinu og muni enda í 51% í árslok 2024.
- Fjárhagsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir því að fastafjármunir munu aukast um 1.292 m.kr. á spátímabilinu og að handbært fé muni hækka um 294,7 m.kr.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir hækku skulda og munu skuldir við lánastofnanir hækka um 851,8 m.kr. á spátímabilinu og heildarskuldir og skuldbindingar hækka um 1.044 m.kr.

Próun efnahagsreiknings









# Samstæðureikningur

## Efnahagsreikningur

- Áætlað er að eigið fé og skuldir í árslok 2020 munu nema samtals 15.120 m.kr., þar af munu skuldir og skuldbindingar samtals nema 6.569 m.kr. og eigið fé 8.551 m.kr.
- Eiginfjárlutfall í árslok 2020 mun því nema 57% en í árslok 2016 nam eiginfjárlutfall 53% og hefur eiginfjárlutfall því styrkst frá þeim tíma.
- Á spátímabilinu mun eiginfjárlutfall veikjast lítillega og mun nema 51% í árslok 2024.
- Skuldbindingar í árslok 2020 eru áætlaðar 3.799 m.kr. og hafa því lækkað um -1,6% frá árslokum 2015. Á sama tíma hafa langtímaskuldir lækkað um -38,9% og Eigið fé aukist um 53,7%.

Próun skulda- og skuldbindinga samanborið við Eigið fé







# Samstæðureikningur

## Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2021 er áætlað 860 m.kr. og hækkar því um 112 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2021 eru áætlaðar 1.827 m.kr. og eru því að aukast um 1.040 m.kr. frá útkomuspá 2020 og þar vegur þyngst frekari fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum um 768 m.kr.
- Fjármögnunarahreyfingar ársins 2021 eru áætlaðar 433 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána -216 m.kr., innborgun á lífeyrisskuldbindingu -179 m.kr. en ný lán að fjárhæð 860 m.kr. á móti.
- Handbært fé í árslok 2021 er áætlað 937 m.kr. og lækkar því um -534 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki um 239,3 m.kr. á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2020 til ársloka 2024.

## Þróun sjóðstreymis






# Samstæðureikningur

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar síðustu þriggja ára, þ.e. samanlögð rekstrarafkoma á þriggja ára tímabili, verður að vera jákvæð skv. fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga og hefur sú verið raunin hjá Akraneskaupstað.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður ársins 2021 muni nema 734 m.kr.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hafa farið lækkandi síðustu ár en fer hækkandi aftur og verða 43,1% í árslok 2021.
- Hámark skuldaviðmiðs sveitarfélaga er 150% en skv. fjárhagsáætlun verður skuldaviðmiðið komið í 46% í árslok 2024.

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga







# Samstæðureikningur

## Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar frá 2015 hefur tekið hækkað talsvert, frá því að vera jákvæður árið 2015 um 808,4 m.kr. yfir í það að vera jákvæður um 1.446 m.kr. árið 2020 skv. útkomuspá.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2015, þ.e.a.s. það hefur farið úr 75% niður í 26% og mun nema 46% í árslok 2024.

2015 - 2024






# Samstæðureikningur

## Lykiltölur

- EBITDA framlegð er áætluð neikvæð um -0,13% í árslok 2021 og á spátímanum er áætlað að EBITA framlegðin muni styrkjast og er áætlað að hún verði jákvæð um 4,4% í árslok 2024.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 10% í árslok 2021 og mun að fara lækkandi og áætlað að það verði 4% í árslok 2024.
- Veltufjárhlutfallið er áætlað í árslok 2020 1,6 en það mun fara lítillega lækkandi á spátímabilinu og áætlað að það verði 1,4 í árslok 2024. Samstæðan verður því áfram vel í stakk búin til að mæta nauðsynlegum greiðslum til næstu 12 mánaða á hverjum tímapunkti en áhyggjuefni er hversu mikið hlutfallið hefur lækkað frá rauntölum ársins 2019 þegar það var 2,2.

## Lykiltölur






# Samstæðureikningur

Próun 2014-2024

## Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2014 þegar það nam 116% niður í 84,7% (2020).
- Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið mun hækka lítillega og standa í 89% í árslok 2024.
- Eiginfjárlutfallið hefur að sama skapi farið hækkandi, frá því að standa í 53% í lok árs 2014 yfir í það að standa í 55% í árslok 2020.
- Á spátímabilinu ert gert ráð fyrir að eiginfjárlutfallið fari lítillega lækkandi og standi í 51% í lok árs 2024.






# Samstæðureikningur

## Lykiltölur

- EBITDA framlegð náði ákveðnu hámarki á árunum 2017 og 2018 en útkomuspá ársins 2020 gerir ráð fyrir því að EBITDA framlegð verði neikvæð um -4,6%.
- Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir -0,13% EBITDA framlegð og að EBITDA framlegð ársins 2024 muni vera jákvæð sem nemur 4,4%.

EBITDA framlegð






# Samstæðureikningur

## Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 1,6 skv. útkomuspá ársins 2020. Það er undir meðaltali veltufjárhlutfalls árána 2014 til 2019 sem nemur 1,8.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.








# A- hluti

## Þróun launakostnaðar

- Launagjöld hafa hækkað um 73,7% frá árunum 2014 til útkomuspár ársins 2020, en þau hækka úr 2.626 m.kr. í 4.562 m.kr. Lífeyrisskuldbinding hækkaði um 50,1% á sama tíma, en hún hækkar úr 302 m.kr. í 453 m.kr.
- Launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum hækkaði milli talsvert 2014 og 2016 og má það rekja til uppgjörs lífeyrisskuldbindinga á árinu 2016. Á árinu 2017 lækkar hlutfallið niður í 62,2% en hækkar talsvert milli 2019 og útkomuspár ársins 2020. Skýringin á því eru nýir kjarasamningar sem koma inn á árinu 2020.
- Meðaltal hlutfalls launagjalda af rekstrartekjum á árunum 2014-2019 er 63,76% og hlutfall þetta á árunum 2020-2024 er umfram meðaltal árunna á undan.
- Á spátímabilinu 2021-2024 er gert ráð fyrir því að launagjöld hækki um 14 % og launagjöld sem hlutfall af rekstrartekjum endi í 68,69% á árinu 2024.

Þróun launakostnaðar 2014-2024







# A- hluti

## Þróun launakostnaðar

- Launavísitala er meðaltal ár hvert en á árinu 2020 er notuð vísitala október mánaðar sem er sú nýjasta sem liggur fyrir.
- Launavísitala á tímabilinu hefur hækkað um 54,5% en á sama tímabili hafa launagjöld Akraneskaupstaðar hækkað um 73,7%.

Þróun launakostnaðar 2014-2020







# Aðalsjóður

## Rekstrarafkoma Aðalsjóðs

- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er jákvæður um samtals 22,8 m.kr. á tímabilinu 2009 til ársloka 2019.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 3.110 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er þar af leiðandi jákvæð sem nemur 2.603 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2019 nemur 662,5 m.kr. og nemur 9,4% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2009-2019






# Aðalsjóður

## Rekstrarafkoma Aðalsjóðs


- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, fyrir fjármagnsliði, er neikvæður um samtals -1.865 m.kr. á tímabilinu 2020 (útkomuspá) til ársloka 2024.
- Fjármagnstekjur Aðalsjóðs, umfram fjármagnsgjöld, á sama tíma nema samtals 2.612 m.kr.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs er jákvæð sem nemur 747 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma Aðalsjóðs, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2021 nemur 78,9 m.kr. og nemur 1,1% sem hlutfalli af heildar rekstrartekjum.

Rekstrarafkoma Aðalsjóðs 2020-2024





# Stór verkefni framkvæmd á árinu 2021






# A - hluti

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.

- Á árunum 2014-2019 var samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum samtals fjárhæð 2.478 m.kr.
- Útkomuspá 2020 gerir ráð fyrir að heildar fjárfesting A-hluta verði 955 m.kr.
- Á spátímabilinu 2021-2024 er áætlað að samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verði samtals fjárhæð 4.063 m.kr.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum 2014-2024





## Fjárfesting 2021-2024


Fjárhæð í þús.kr.	2021	2022	2023	2024
<b>Götur og gangstéttar</b>	<b>321.900</b>	<b>413.500</b>	<b>325.900</b>	<b>257.900</b>
<i>Gatnagerð nýframkvæmd</i>	236.000	327.600	240.000	172.000
<i>Endurgerð eldri gatna</i>	34.650	34.650	34.650	34.650
<i>Gangstígar, stofnstígar, reiðvegir</i>	51.250	51.250	51.250	51.250
<b>Velferðarmál</b>	<b>445.253</b>	<b>208.750</b>	<b>48.600</b>	<b>-</b>
<i>Fjöliðjan</i>	131.653	208.750	-	-
<i>Þjónustumiðstöð Dalbraut</i>	200.000	-	-	-
<i>Stofnframlög í Brynju hússjóð</i>	65.000	-	-	-
<i>HMS verkefni, framlag</i>	48.600	-	48.600	-
<b>Skóla og frístundamál</b>	<b>1.141.561</b>	<b>981.641</b>	<b>714.919</b>	<b>37.500</b>
<i>Jaðarsbakkar</i>	408.710	677.419	677.419	-
<i>Leikskóli</i>	622.351	266.722	-	-
<i>Þekjan</i>	40.000	-	-	-
<i>Brekkubæjarskóli</i>	25.500	-	-	-
<i>Skólalóðir</i>	45.000	37.500	37.500	37.500
Gatnagerðartekjur og smærri fjárfestingar -	55.000	- 169.400	- 229.000	- 194.000
<b>Samtals fjárfesting</b>	<b>1.853.714</b>	<b>1.434.491</b>	<b>860.419</b>	<b>101.400</b>





## Jaðarsbakkar

- Ítarlegri hönnun hófst árið 2020 og mun klárast árið 2021 ásamt því hefst uppbygging á 1. áfanga sem er tengibygging – nýtt íþróttahús með nýrri aðstöðu sem er verður á milli Akraneshallar og núverandi íþróttahúss.
- **Á árinu 2021 er gert ráð fyrir samtals 410 m.kr. að teknu tilliti til frádráttar vegna virðisauka til þess að byrja á 1. áfanga.**







# Nýr leikskóli í Skógarhverfi


- Á árinu 2020 var ný leikskóli í Skógarhverfi í hönnun og hófst jarðvegsundirbúningur einnig.
- Um er að ræða 6 deilda leikskóla með möguleika á stækkun í 8 deildir ef þarf. Sérstaklega mikil og góð vinna hefur fram um stærð og fyrirkomulag rýma og metnaður er í allri hönnun af hálfu bæjarins og hönnuðum sem að verkinu koma en þeir eru Batteríið arkitektar, Landslag og Verkís.
- **Á árinu 2021 er gert ráð fyrir samtals 622 m.kr. að teknu tilliti til frádráttar vegna virðisauka til uppbyggingar á nýjum leikskóla.**






# Fjöliðjan

- Ráðist verður í endurnýjun á núverandi húsnæði Fjöliðjunnar á nýju ári ásamt viðbyggingu eftir að eldsvoði kom upp í maí 2019
- **Á árinu 2021 er gert ráð fyrir samtals 130 m.kr. að teknu tilliti til frádráttar vegna virðisauka og trygginga til uppbyggingar á Fjöliðjunni.**





Þekkingarsetur í Brekkubæjarskóla



Teikning af Þekjunni


# Brekkubæjarskóli og Þekjan

- Unnið verður áfram að endurnýjun í Brekkubæjarskólaskóla, samtals 30 m.kr.
- Fimleikahúsið kláraðist á árinu 2020 og verður á árinu 2021 unnið að því endurbótum Þekjunnar svokölluðu sem er hluti af tengingu nýja húsins og Íþróttahúsins, samtals 40 m.kr.



# Dalbraut Þjónustumiðstöð


- Akraneskaupstaður hefur samið við E. Sigurðsson ehf. um fullnaðarfrágang innanhús á þjónustumiðstöð að Dalbraut 4, 1. hæð.
- Áætlað að framkvæmdum framkvæmdum ljúki í byrjun júní á næsta ári. **Kostnaður verksins er rúmlega 200 m.kr.**





# Gatnaframkvæmdir


- Nýframkvæmdir í gatnagerð og göngustígum m.a. á Langasandsreit, Flóahverfi, Faxabraut og Skógarhverfi ásamt viðhald gatna í eldri hverfum og göngustígum, **samtals 264 m.kr.** að teknu tilliti frádráttar vegna tekna (gatnagerðargjöld).





# Skólalóðir og aðrar stofnanalóðir

- Endurskipulag grunnskólalóða Akraneskaupstaðar og bætt útisvæði þeirra, **samtals 50,0 m.kr.** ásamt sérstökum aðgerðum á ákveðum leikskólalóðum um bætt svæði yngri barna, **samtals 7,5 m.kr.**
- Fjármagn í viðhald og framkvæmdir leikvalla, sérstök græn verkefni, umferðaröryggi, endurnýjun ljósastaura og stofnanalóðir, **samtals 20,4 m.kr.**





# Önnur verkefni

- Uppbygging nýrra svæða, samtals að fjárhæð um 10 mkr. en um er að ræða framkvæmdir á svonefndum Dalbrautarreit.
- Aðrar framkvæmdir og kaup á stofnbúnaði, samtals að fjárhæð um 10 mkr. Helstu verkefni eru endurnýjun búnaðar fyrir Slökkviliðið.

